

Skaftárhreppur

Ársreikningur 2017

Skaftárhreppur
Klausturvegi 10
880 Kirkjubæjarklaustur

Kt. 480690-2069

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

Ársreikningur Skaftárhrepps er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 566,9 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 552,4 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem var lögbundið hámark árið 2017. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,625% í A-flokki, 1,32% í B-flokki og 1,65% í C-flokki sem var lögbundið hámark þess.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var jákvæð um 53,3 millj. kr. en í A hluta var rekstrarniðurstaðan jákvæð um 47,8 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2017 nam 444,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 473,5 millj. kr.

Ársreikningur Skaftárhrepps fyrir árið 2017 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Kirkjubæjarklaustri, 5. apríl 2018.

Sveitarstjóri:

Sandra Brá Jóhannsdóttir

Ársreikningur Skaftárhrepps fyrir árið 2017 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Kirkjubæjarklaustri, 15. maí 2018.

Sveitarstjórn:

Þórunn Stefánsdóttir
Jón Þórhelmsdóttir
Audur Eypörselóttir
Jónna Einarsson
Þórunn V. Guðrún

Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Skaftárhrepps.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Skaftárhrepps fyrir árið 2017 sem hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagsleg málefni rekstrareininga sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við sveitarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 15. maí 2018.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2017

Skýr.	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur	4	340.767	335.987	288.354	339.953	287.619
Framlög Jöfnunarsjóðs	4	107.892	105.979	110.272	107.892	110.272
Aðrar tekjur	4	103.785	55.264	70.197	119.010	84.085
		<u>552.444</u>	<u>497.230</u>	<u>468.824</u>	<u>566.854</u>	<u>481.976</u>
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	5	232.943	212.143	190.075	232.943	190.075
Annar rekstrarkostnaður		254.141	205.437	195.078	258.569	199.329
		<u>487.084</u>	<u>417.580</u>	<u>385.153</u>	<u>491.513</u>	<u>389.404</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir		65.360	79.650	83.671	75.341	92.572
Afskriftir	8	(13.760)	(13.423)	(13.158)	(15.634)	(15.032)
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda		51.600	66.227	70.513	59.708	77.540
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	(3.851)	(8.945)	(5.252)	(6.463)	(8.312)
Rekstrarniðurstaða	12	<u>47.750</u>	<u>57.282</u>	<u>65.261</u>	<u>53.245</u>	<u>69.228</u>

Efnahagsreikningur

		Eignir				
		A hluti		A og B hluti		
Skýr.		2017	2016	2017	2016	
Fastafjármunir						
Varanlegir rekstrarfjármunir:						
	Fasteignir og lóðir	8	318.580	325.168	346.621	354.534
	Veitu- og gatnakerfi	8	43.041	16.678	47.079	21.265
	Áhöld og tæki	8	13.550	5.275	13.550	5.275
			<u>375.171</u>	<u>347.121</u>	<u>407.250</u>	<u>381.075</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:						
	Stofnframlög og eignarhlutir í félögum ...	9	47.997	47.997	47.997	47.997
	Langtímakröfur	10	713	1.092	713	1.092
	Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	10	3.457	6.651	0	0
			<u>52.168</u>	<u>55.740</u>	<u>48.710</u>	<u>49.089</u>
	Fastafjármunir		<u>427.338</u>	<u>402.861</u>	<u>455.960</u>	<u>430.164</u>
Veltufjármunir						
Skammtímakröfur:						
	Óinnheimtar tekjur	11	61.668	55.506	61.668	55.506
	Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		28.009	28.051	0	0
	Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	10	3.308	3.112	0	0
	Næsta árs afborgarnir langtímakrafna	10	711	314	711	314
	Aðrar skammtímakröfur	11	5.462	8.964	5.462	8.964
	Handbært fé	3i	173.121	150.076	173.121	150.076
	Veltufjármunir		<u>272.280</u>	<u>246.022</u>	<u>240.963</u>	<u>214.860</u>
	Eignir samtals		<u>699.618</u>	<u>648.884</u>	<u>696.923</u>	<u>645.023</u>

31. desember 2017

Eigið fé og skuldir

Skýr.	A hluti		A og B hluti		
	2017	2016	2017	2016	
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	12	473.549	425.799	444.361	391.116
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	13	7.693	7.128	7.693	7.128
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	14	132.717	145.559	169.765	183.025
Skammtímaskuldir					
Skuldir við eigin fyrirtæki		11.648	7.704	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	14	15.365	17.129	16.414	18.145
Aðrar skammtímaskuldir		58.646	45.566	58.690	45.609
		85.659	70.398	75.104	63.755
Skuldir og skuldbindingar samtals		226.069	223.084	252.562	253.907
Eigið fé og skuldir samtals		699.618	648.884	696.923	645.023
Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings	16				

Sjóðstreymisýfirlit árið 2017

Skýr.	Ársreikningur	A hluti			A og B hluti		
		2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016
Rekstrarhreyfingar							
	12	47.750	57.282	65.261	53.245	61.475	69.228
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	8	13.760	13.423	13.158	15.634	15.298	15.032
Verðbætur		2.442	6.040	3.216	3.250	7.883	4.275
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	12	565	0	1.235	565	0	1.235
Veltufé frá rekstri		64.517	76.745	82.870	72.694	84.656	89.770
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:							
Oinnheimtar tekjur, breyting		(6.162)	0	(6.308)	(6.162)	0	(6.308)
Skammtímakröfur, breyting		3.501	0	(5.917)	3.501	0	(5.917)
Skammtímaskuldir, breyting		13.081	2.909	14.681	13.081	2.909	14.681
Samtals		10.420	2.909	2.456	10.420	2.909	2.456
Handbært fé frá rekstri		74.937	79.654	85.326	83.114	87.565	92.226
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.	8	(41.809)	(53.095)	(17.328)	(41.809)	(53.095)	(17.328)
Langtímakröfur, breyting	10	0	303	918	0	303	918
Langtímakr. á eigin ft, breyting	10	3.166	3.207	2.978	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		(38.643)	(49.585)	(13.432)	(41.809)	(52.792)	(16.410)
Fjármögnunarhreyfingar							
Viðskiptastaða eigin ft, breyting		3.987	3.637	2.884	0	0	0
Afborganir langtímalána	14	(17.235)	(18.040)	(16.635)	(18.259)	(19.107)	(17.673)
Fjármögnunarhreyfingar		(13.249)	(14.403)	(13.751)	(18.259)	(19.107)	(17.673)
Hækkun á handbæru fé		23.045	15.666	58.143	23.045	15.666	58.143
Handbært fé í ársbyrjun		150.076	114.062	91.933	150.076	114.062	91.933
Handbært fé í árslok		173.121	129.728	150.076	173.121	129.728	150.076

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Skaftárhreppur er sveitarfélag á Suðurlandi og voru íbúar 564 þann 1. desember 2017. Skrifstofa sveitarfélagsins er á Kirkjubæjarklaustri.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Skaftárhrepps árið 2017 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármöggnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Félagslegar íbúðir, Leiguíbúðir, Íbúðir aldraðra og Fráveita.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlagsviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar sem myndast eru færðar í rekstrarreikning.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög og endurgreiðslur vegna stofnkostnaðar.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	25 - 40 ár
Veitukerfi.....	25 ár
Gatnakerfi.....	25 ár
Vélar, áhöld og tæki.....	5 - 10 ár

f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna virðisryrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

g. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

h. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

i. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

j. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í árslok 2017. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 13.

k. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikningi í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

l. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birtar í skýringu 16.

m. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2017 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktari fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 20.

Skýringar, frh.:

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016
Útsvar og fasteignaskattur:						
Útsvar.....	282.429	278.000	235.103	282.429	278.000	235.103
Fasteignaskattur.....	58.339	57.987	53.251	57.524	57.255	52.516
	340.767	335.987	288.354	339.953	335.255	287.619
Framlög Jöfnunarsjóðs:						
Fasteignaskattsframlag.....	36.524	36.129	35.298	36.524	36.129	35.298
Útgjaldajöfnunarframlag.....	46.621	48.567	57.200	46.621	48.567	57.200
Framlög vegna grunnskóla.....	23.545	21.283	17.753	23.545	21.283	17.753
Önnur framlög.....	1.202	0	21	1.202	0	21
	107.892	105.979	110.272	107.892	105.979	110.272
Skatttekjur samtals	448.659	441.966	398.627	447.844	441.234	397.892
Aðrar tekjur:						
Aðrar tekjur.....	103.785	55.264	70.197	119.010	72.671	84.085
Rekstrartekjur samtals.....	552.444	497.230	468.824	566.854	513.905	481.976

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	179.368	171.546	152.471	179.368	171.546	152.471
Launatengd gjöld	40.996	39.197	35.223	40.996	39.197	35.223
Annar starfsmannakostn.....	999	1.400	1.146	999	1.400	1.146
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs.....	11.015	0	0	11.015	0	0
	232.378	212.143	188.840	232.378	212.143	188.840
Breyting á lífeyrisskuldbindingu...	565	0	1.235	565	0	1.235
Laun og launat. gjöld samtals	232.943	212.143	190.075	232.943	212.143	190.075

	2017	2016
Fjöldi starfsmanna í árslok.....	39	36
Fjöldi stöðugilda í árslok.....	26	27
Ársverk.....	28	25
Laun sveitarstjóra og sveitarstjórnar.....	15.472	15.100

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016
Vaxtatekjur og verðbætur.....	2.538	5.597	2.069	2.538	6.049	2.069
Arður af eignarhlutum.....	1.871	0	1.993	1.871	0	1.993
Vaxtagjöld og verðbætur	(9.604)	(14.542)	(11.029)	(10.872)	(18.536)	(12.373)
Vextir frá eigin fyrirtækjum.....	1.344	0	1.716	0	0	0
Fjárm.tekjur og fjármagnsgj.	(3.851)	(8.945)	(5.252)	(6.463)	(12.487)	(8.312)

7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016
Aðalsjóður:			
Skatttekjur	457.324	449.302	406.738
Félagsþjónusta	(26.828)	(30.635)	(24.413)
Heilbrigðismál	(765)	0	(650)
Fræðslu- og uppeldismál	(208.296)	(196.411)	(180.364)
Meningarmál	(19.826)	(20.401)	(18.370)
Æskulýðs- og íþróttamál	(67.453)	(68.799)	(68.260)
Brunamál og almannavarnir	(6.749)	(6.514)	(3.860)
Hreinlætismál	(6.143)	(3.498)	(3.715)
Skipulags- og byggingarmál	(9.286)	(13.892)	(6.716)
Umferðar- og samgöngumál	(5.941)	(5.316)	(4.023)
Umhverfismál	(2.679)	(2.400)	(2.094)
Atvinnumál	(20.187)	(20.107)	(17.570)
Sameiginlegur kostnaður	(59.669)	(56.141)	(49.413)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	(11.580)	0	(1.235)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	7.432	5.354	8.128
Aðalsjóður samtals	19.353	30.542	34.182
A hluta stofnanir:			
Eignasjóður	28.396	26.740	31.079
A hluti samtals	47.750	57.282	65.261
B hluta fyrirtæki:			
Félagslegar íbúðir	(747)	(1.660)	(906)
Leiguíbúðir	3.287	3.490	2.956
Íbúðir aldraðra	(441)	(1.166)	(582)
Fráveita	3.395	3.529	2.500
A og B hluti samtals	53.245	61.475	69.228

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A hluti				
Heildarverð 1.1.2017	698.633	20.839	10.646	730.118
Afskrifað áður	(373.465)	(4.160)	(5.371)	(382.996)
Bókfært verð 1.1.2017	325.168	16.678	5.275	347.121
Viðbót á árinu	4.192	27.844	9.773	41.809
Afskrifað á árinu	(10.780)	(1.481)	(1.499)	(13.760)
Bókfært verð 31.12.2017	318.580	43.041	13.549	375.170
Heildarverð 31.12.2017	702.825	48.683	20.419	771.927
Afskrifað samtals	(384.245)	(5.642)	(6.870)	(396.757)
Bókfært verð 31.12.2017	318.580	43.041	13.549	375.170
Afskriftarhlutföll	2,5 - 4%	4%	15 - 20%	

	Fasteignir og lóðir	Veitur og gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A og B hluti				
Heildarverð 1.1.2017	849.186	47.479	50.048	946.713
Afskrifað áður	(494.652)	(26.214)	(44.773)	(565.639)
Bókfært verð 1.1.2017	354.534	21.265	5.275	381.075
Viðbót á árinu	4.192	27.844	9.773	41.809
Afskrifað á árinu	(12.105)	(2.030)	(1.499)	(15.634)
Bókfært verð 31.12.2017	346.621	47.079	13.549	407.250
Heildarverð 31.12.2017	853.379	75.323	59.821	988.523
Afskrifað samtals	(506.758)	(28.244)	(46.272)	(581.274)
Bókfært verð 31.12.2017	346.621	47.079	13.549	407.250
Afskriftarhlutföll	2,5 - 4%	4%	15 - 20%	

b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu 2017 greinist þannig:

	Fjárfesting 2017	Áætlun 2017 með viðaukum
A hluti		
Fasteignir og önnur mannvirki:		
Kennslueldhús	4.192	2.000
Klausturhólar	0	745
Salernisaðstaða	0	4.000
	4.192	6.745
Gatnakerfi og gámasvæði:		
Gámasvæði	12.802	18.000
Gatnaframkvæmdir	15.042	18.150
	27.844	36.150
Áhöld og tæki:		
Píanó	0	700
Slökkvibíll	7.344	7.000
Áhöld og tæki slökkvilið	2.429	2.500
	9.773	10.200
A hluti samtals	41.809	53.095
Samtals A og B hluti	41.809	53.095

Skýringar, frh.:

8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

c. Fasteignamat og váttryggingaverð

Fasteignamat og váttryggingaverð varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok 2017:

	A hluti	A og B hluti
Fasteignamat.....	485.443	697.788
Brunabótamat fasteigna.....	2.029.527	2.513.804
Váttryggingaverðmæti lausafjármuna.....	191.686	191.686
Váttryggingaverðmæti veitumannvirkja.....	0	75.812

9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		Bókfært verð	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga			3.216	3.216
Kirkjubæjarstofa, stofnframlag	54,62%	54,62%	2.500	2.500
Katla jarðvangur ses	8,90%	8,90%	250	250
Errósetur			10	10
Landskerfi bókasafna hf.	0,11%	0,11%	152	152
Vottunarstofan Tún hf.	0,42%	0,42%	48	48
Eldvilji ehf.	21,72%	21,72%	2.172	2.172
Rangárbakkar, hestamiðstöð Suðurlands ehf.	0,14%	0,14%	105	105
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	0,38%	0,38%	33.753	33.753
Háskólafélag Suðurlands ehf.	2,81%	2,81%	1.979	1.979
Náttúrustofa Suðausturlands ses.	50,00%	50,00%	500	500
Eignarhaldsfélag Suðurlands A-bréf	0,72%	0,72%	662	662
Eignarhaldsfélag Suðurlands B-bréf	1,23%	1,23%	2.650	2.650
			<u>47.997</u>	<u>47.997</u>

10 Langtímakröfur og langtímakröfur á eigin fyrirtæki

Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:	Langtíma-	Langtímakröfur	
	kröfur á eigin	A hluti	A og B hluti
Staða langtímakrafna í ársbyrjun	9.763	1.406	1.406
Afborgun langtímakrafna á árinu	(3.166)	0	0
Verðbætur.....	169	18	18
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>6.766</u>	<u>1.424</u>	<u>1.424</u>
Næsta árs afborganir og gjaldfallnar afborganir.....	(3.308)	(711)	(711)
	<u>3.457</u>	<u>713</u>	<u>713</u>
Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:			
Árið 2018.....	3.308	711	711
Árið 2019.....	3.457	357	357
Árið 2020.....	0	357	357
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>6.766</u>	<u>1.424</u>	<u>1.424</u>

Reiknaðir eru 4,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

Skýringar, frh.:

11 Skammtímakröfur

Óinnheimtar tekjur greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Óinnheimtar skatttekjur.....	41.186	41.186
Óinnheimtar aðrar tekjur.....	20.482	20.482
Óinnheimtar tekjur í árslok	61.668	61.668

Niðurfærsla óinnhemtra tekna og annarra skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun.....	38.293	38.293
Niðurfærsla, breyting á árinu	11.854	11.854
Niðurfærsla í árslok	50.147	50.147

12 Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1. 2017	425.799	391.116
Rekstrarniðurstaða ársins	47.750	53.245
Eigið fé í árslok	473.549	444.361

13 Lífeyrisskuldbinding

Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins. Lífeyrisskuldbinding er byggð á útreikningum tryggingastærðfræðings. Breyting á árinu á lífeyrisréttindum er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni í efnahagsreikningi. Breyting á lífeyrisskuldbindingu á árinu 2017 greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun.....	7.128	7.128
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu.....	565	565
Lífeyrisskuldbinding í árslok 2017.....	7.693	7.693

Núvirði áætlaðs framlags vegna lífeyrisgreiðslna greinist þannig á næstu ár:

Árin 2018-2022.....	533	533
Árin 2023-2027.....	893	893
Árin 2028-2032.....	1.236	1.236
Síðar.....	5.031	5.031
	7.693	7.693

Skýringar, frh.:

14 Skuldir við lánastofnanir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

	Verðtryggð lán	Samtals
A hluti		
Langtímaskuldir í ársbyrjun	162.688	162.688
Afborganir af lánum	(17.235)	(17.235)
Verðbætur	2.630	2.630
	<u>148.082</u>	<u>148.082</u>
Næsta árs afborganir.....	(15.365)	(15.365)
Langtímaskuldir í árslok	<u>132.717</u>	<u>132.717</u>
A og B hluti		
Langtímaskuldir í ársbyrjun	201.170	201.170
Afborganir af lánum	(18.259)	(18.259)
Verðbætur	3.268	3.268
	<u>186.179</u>	<u>186.179</u>
Næsta árs afborganir.....	(16.414)	(16.414)
Langtímaskuldir í árslok	<u>169.765</u>	<u>169.765</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Árið 2018	15.365	16.414
Árið 2019	14.652	15.716
Árið 2020	13.978	15.057
Árið 2021	14.345	15.440
Árið 2022	11.836	12.947
Síðar	77.907	110.604
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. Næsta árs afborganir	<u>148.082</u>	<u>186.180</u>

Veðsetningar

Íbúðir í eigu félagslegra íbúða að bókfærðu virði 11,2 millj. kr. eru veðtryggðar fyrir skuldum að eftirstöðum 27,8 millj. kr. í árslok 2017. Sveitarfélagið hefur veitt Lánasjóði sveitarfélaga veð í staðgreiðslutekjum fyrir skuldum að eftirstöðvum að fjárhæð 148,1 millj. kr. í árslok 2017.

15 Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
A hluti	100%	699.618	226.069	473.549
Félagslegar íbúðir	100%	11.209	33.362	(22.154)
Leiguíbúðir	100%	11.890	16.177	(4.287)
Íbúðir aldraðra	100%	4.942	23.376	(18.434)
Fráveita	100%	15.686	0	15.686
Millifærslur, innbyrðis staða		(46.423)	(46.423)	0
Heildarstaða sveitarfélagsins í árslok		<u>696.923</u>	<u>252.562</u>	<u>444.361</u>

16 Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Byggðasamlög og önnur samstarfsverkefni

Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum aðili að eftirtöldum byggðasamlögum og samstarfsverkefnum:

Bergrisinn bs.

Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs.

Hula bs.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Héraðsnefnd Vestur-Skaftafellssýslu, undir héraðsnefndina heyrar:

Byggðasafnið í Skógum

Héraðsskjalasafnið í Skógum

Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á skuldum og skuldbindingum byggðasamlaganna og samstarfsverkefnanna miðað við íbúatölu.

Klausturhólar

Sveitarfélagið hefur staðið að byggingu hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla og er það fært til eignar í efnahagsreikningi á framreiknuðu afskrifuðu stofnverði 33,9 millj. kr. Heimilið er rekið sem sjálfstæð stofnun en vistgjöldum er ætlað að standa undir rekstrarkostnaði þess. Gerð eru sérstök reikningsskil fyrir stofnunina.

Aðrar ábyrgðarskuldbindingar

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins. Eftirstöðvar lánsins nema 2,6 millj. kr. í árslok 2017.

Sveitarfélagið hefur veitt veð í tekjum sínum á grundvelli 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga til tryggingar vegna lántöku Byggðasafnsins í Skógum hjá Lánasjóði sveitarfélaga ásamt öðrum sveitarfélögum sem standa að safninu. Eftirstöðvar lánsins nema 103,5 millj. kr. í árslok 2017.

17 Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Sveitarfélagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

18 Önnur mál

Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A deildar

Þann 19. september 2016 var samkomulag gert milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórna viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors.

Í janúar 2018 samþykkti sveitarstjórn Skaftárhrepps samkomulag um uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017.

Samkvæmt samkomulagi við lífeyrissjóðinn nemur framlag sveitarfélagsins 38,1 millj. kr. og 4,1 millj. kr. vegna samstarfsverkefna sveitarfélagsins og nemur heildarframlagið því 42,1 millj. kr. Um er að ræða framlag í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð.

Skipting þess er eftirfarandi:

- 10,4 millj. kr. framlag í jafnvægisjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi, framlagið er gjaldfært að fullu á árinu 2017.
- 28,7 millj. kr. framlag í lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðarskuldbindingu vegna lífeyrisauka, framlagið er gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.
- 3,1 millj. kr. framlag í varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð, framlagið er gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Gjaldfærðar eru 11,0 millj. kr. meðal launa og launatengdra gjalda á árinu 2017 vegna þessa og fjárhæðin færð sem skammtímaskuld í árslok 2017.

Greiðsla heildarframlags á sér stað í upphafi árs 2018 og fjármagnaði sveitarfélagið uppgjörið með láni hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Heildarlántaka vegna þessa á árinu 2018 nam 38,1 millj. kr., en á móti færir fyrirframgreiðsla vegna framlaga í lífeyrisaukasjóðs og varúðarsjóð að fjárhæð 31,1 millj. kr. sem heimilt verður að draga frá við útreikning á skuldaviðmiði sbr. breytingu á reglugerð nr. 502/2012.

Málaferli

Sveitarfélagið, ásamt íslenska ríkinu, voru sýknuð af kröfum stefnenda í Héraðsdómi Reykjavíkur til viðurkenningar á bótaskyldu vegna tjóns sem talið er að hafi orðið vegna lokunar Árkvísla með stíflugarði sem heft hefur náttúrulegt flæði vatns fram Eldhraunið í Landbroti. Þann 3. nóvember 2017 var málinu áfrýjað til Hæstaréttar Íslands og liggur niðurstaða ekki fyrir.

Skýringar, frh.:

19. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2017	2017	2016	2015	2014	2013
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:						
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	126.696	117.163	97.557	80.508	86.269	93.948
Skuldaviðmið, skv. reglugerð.....	9,7%	6,2%	9,0%	20,9%	26,8%	39,6%
Ýmsar lykiltölur						
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	16,0 %	11,8 %	17,8 %	7,2 %	12,0 %	18,4 %
Rekstrarniðurstaða	11,5 %	8,6 %	13,9 %	1,0 %	7,5 %	12,5 %
Veltufé frá rekstri	15,4 %	11,7 %	17,7 %	6,5 %	9,9 %	16,4 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	10,7 %	7,6 %	3,7 %	0,0 %	1,2 %	5,1 %
Skuldahlutfall.....	40,2 %	40,9 %	47,6 %	52,7 %	57,8 %	60,3 %
Önnur hlutföll						
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum	1,78	2,06	1,76	6,09	4,51	2,89
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborganir skulda og skuldbindinga.....	4,25	4,20	4,84	1,58	2,24	4,21
Veltufjárhluftall	3,65	3,18	3,49	3,61	3,47	2,66
Eiginfjárhluftall	68,4 %	67,7 %	65,6 %	62,9 %	61,4 %	57,9 %
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Útsvar	55,9 %	51,1 %	50,1 %	49,3 %	46,0 %	42,4 %
Fasteignaskattur	11,7 %	10,6 %	11,4 %	12,1 %	12,1 %	11,3 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	21,3 %	19,5 %	23,5 %	25,6 %	25,6 %	27,3 %
Skatttekjur samtals.....	88,9 %	81,2 %	85,0 %	87,0 %	83,7 %	81,0 %
Aðrar tekjur	11,1 %	18,8 %	15,0 %	13,0 %	16,3 %	19,0 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld	(42,7%)	(42,2%)	(40,5%)	(45,9%)	(39,6%)	(37,2%)
Annar rekstrarkostnaður	(41,3%)	(46,0%)	(41,6%)	(47,0%)	(48,4%)	(44,4%)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	16,0 %	11,8 %	17,8 %	7,2 %	12,0 %	18,4 %
Afskriftir	(2,7%)	(2,5%)	(2,8%)	(4,2%)	(3,3%)	(2,9%)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(1,8%)	(0,7%)	(1,1%)	(1,9%)	(1,3%)	(3,0%)
Rekstrarniðurstaða	11,5 %	8,6 %	13,9 %	1,0 %	7,5 %	12,5 %

Skýringar, frh.:

19. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2017	2017	2016	2015	2014	2013
Í þúsundum króna á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur.....	784	795	834	741	688	687
Aðrar tekjur	98	184	147	111	134	161
Laun og launatengd gjöld	(376)	(413)	(398)	(391)	(325)	(315)
Annar rekstrarkostnaður.....	(364)	(451)	(408)	(400)	(398)	(377)
Afskriftir.....	(24)	(24)	(28)	(36)	(27)	(25)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(16)	(7)	(11)	(16)	(11)	(25)
Rekstrarniðurstaða	102	85	137	9	61	106
Efnahagur:						
Eignir	1.121	1.240	1.357	1.212	1.231	1.216
Eigið fé	767	840	891	762	756	704
Skuldir og skuldbindingar	354	401	467	449	475	512
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá rekstri	136	114	173	55	81	139
Handbært fé frá rekstri.....	141	133	179	91	77	126
Íbúafjöldi:						
Íbúafjöldi 1. desember.....	564	564	478	473	459	453

Skýringar, frh.:

19. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2017	2017	2016	2015	2014	2013
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:						
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður.....	137.909	129.678	122.750	92.906	87.933	59.521
Skuldaviðmið, skv. reglugerð.....	18,6%	14,4%	20,3%	36,1%	44,5%	61,5%
Ýmsar lykiltölur						
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	17,4 %	13,3 %	19,2 %	8,9 %	17,9 %	18,6 %
Rekstrarniðurstaða	12,0 %	9,4 %	14,4 %	1,7 %	11,7 %	9,9 %
Veltufé frá rekstri	16,5 %	12,8 %	18,6 %	7,8 %	12,6 %	15,6 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj.....	10,3 %	7,4 %	3,6 %	0,0 %	1,1 %	4,9 %
Skuldahlutfall.....	45,1 %	44,6 %	52,7 %	60,4 %	65,7 %	73,2 %
Önnur hlutföll						
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum	2,07	2,34	2,04	6,10	4,17	3,85
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborganir skulda og skuldbindinga.....	4,69	4,43	4,95	1,84	2,64	3,55
Veltufjárhluftall	3,59	3,21	3,37	3,00	2,66	1,89
Eiginfjárhluftall	63,5 %	63,8 %	60,6 %	56,2 %	54,7 %	47,9 %
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Útsvar	54,1 %	49,8 %	48,8 %	47,7 %	43,7 %	40,8 %
Fasteignaskattur	11,1 %	10,1 %	10,9 %	11,5 %	11,2 %	10,6 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	20,6 %	19,0 %	22,9 %	24,8 %	24,3 %	26,3 %
Skatttekjur samtals.....	85,9 %	79,0 %	82,6 %	84,0 %	79,2 %	77,7 %
Aðrar tekjur	14,1 %	21,0 %	17,4 %	16,0 %	20,8 %	22,3 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld	(41,3%)	(41,1%)	(39,4%)	(44,1%)	(37,6%)	(35,8%)
Annar rekstrarkostnaður	(41,4%)	(45,6%)	(41,4%)	(46,7%)	(44,5%)	(45,6%)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	17,4 %	13,3 %	19,2 %	8,9 %	17,9 %	18,6 %
Afskriftir	(3,0%)	(2,8%)	(3,1%)	(4,6%)	(3,8%)	(3,5%)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(2,4%)	(1,1%)	(1,7%)	(2,6%)	(2,4%)	(5,2%)
Rekstrarniðurstaða	12,0 %	9,4 %	14,4 %	1,7 %	11,7 %	9,9 %

Skýringar, frh.:

19. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

	Áætlun	Ársreikningar				
	2017	2017	2016	2015	2014	2013
Í þúsundum króna á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur.....	782	794	832	739	685	685
Aðrar tekjur	129	211	176	140	180	196
Laun og launatengd gjöld	(376)	(413)	(398)	(388)	(326)	(315)
Annar rekstrarkostnaður.....	(377)	(458)	(417)	(410)	(386)	(401)
Afskriftir.....	(27)	(28)	(31)	(40)	(33)	(31)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(22)	(11)	(17)	(23)	(21)	(46)
Rekstrarniðurstaða	109	94	145	15	101	87
Efnahagur:						
Eignir	1.125	1.236	1.349	1.212	1.254	1.237
Eigið fé	714	788	818	681	686	592
Skuldir og skuldbindingar	411	448	531	531	569	645
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá rekstri	150	129	188	68	109	137
Handbært fé frá rekstri.....	155	147	193	104	105	126
Íbúafjöldi:						
Íbúafjöldi 1. desember.....	564	564	478	473	459	453

Skýringar, frh.:

19. Lykiltölur, frh.

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú ár. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

	2017	Hlutfall af skattt.	2016	Hlutfall af skattt.	2015	Hlutfall af skattt.
Aðalsjóður						
Skatttekjur	457.324	100,0%	406.738	100,0%	360.368	100,0%
Félagsþjónusta	(26.828)	5,9%	(24.413)	6,0%	(25.653)	7,1%
Heilbrigðismál	(765)	0,2%	(650)	0,2%	(264)	0,1%
Fræðslu- og uppeldismál	(208.296)	45,5%	(180.364)	44,3%	(173.002)	48,0%
Menningarmál	(19.826)	4,3%	(18.370)	4,5%	(17.730)	4,9%
Æskulýðs- og íþróttamál	(67.453)	14,7%	(68.260)	16,8%	(72.226)	20,0%
Brunamál og almannavarnir	(6.749)	1,5%	(3.860)	0,9%	(4.101)	1,1%
Hreinlætismál	(6.143)	1,3%	(3.715)	0,9%	(9.117)	2,5%
Skipulags- og byggingarmál	(9.286)	2,0%	(6.716)	1,7%	(6.440)	1,8%
Umferðar- og samgöngumál	(5.941)	1,3%	(4.023)	1,0%	(4.875)	1,4%
Umhverfismál	(2.679)	0,6%	(2.094)	0,5%	(2.182)	0,6%
Atvinnumál	(20.187)	4,4%	(17.570)	4,3%	(8.530)	2,4%
Sameiginlegur kostnaður	(59.669)	13,0%	(49.413)	12,1%	(55.603)	15,4%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	(11.580)	2,5%	(1.235)	0,3%	(1.402)	0,4%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) ...	7.432	(1,6%)	8.128	(2,0%)	7.910	(2,2%)
Aðalsjóður samtals	19.353		34.182		(12.848)	
Aðrir sjóðir í A hluta						
Eignasjóður	28.396	(6,2%)	31.079	(7,6%)	16.999	(4,7%)
A hluti samtals	47.750	(10,4%)	65.261	(16,0%)	4.153	(1,2%)

Skýringar, frh.:

20. Samanburður fjárhagsáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2017 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur	280.747	55.240	335.987	280.015	55.240	335.255
Framlög Jöfnunarsjóðs	100.931	5.048	105.979	100.931	5.048	105.979
Aðrar tekjur	55.264	0	55.264	72.671	0	72.671
	<u>436.942</u>	<u>60.288</u>	<u>497.230</u>	<u>453.617</u>	<u>60.288</u>	<u>513.905</u>
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	206.577	5.566	212.143	206.577	5.566	212.143
Annar rekstrarkostnaður	201.214	4.223	205.437	208.281	4.221	212.502
Afskriftir	13.423	0	13.423	15.298	0	15.298
	<u>421.214</u>	<u>9.789</u>	<u>431.003</u>	<u>430.156</u>	<u>9.787</u>	<u>439.943</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og (fjármagnsgjalda)	15.728	50.499	66.227	23.461	50.501	73.962
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(8.945)	0	(8.945)	(12.487)	0	(12.487)
Rekstrarniðurstaða	<u>6.783</u>	<u>50.499</u>	<u>57.282</u>	<u>10.974</u>	<u>50.501</u>	<u>61.475</u>

Skýringar, frh.:

20. Samanburður fjárhagsáætlana, frh.

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2017 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags-áætlun	Viðaukar við fjárhags-áætlun	Fjárhags-áætlun með viðaukum
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarniðurstaða	6.783	50.499	57.282	10.974	50.501	61.475
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir	13.423	0	13.423	15.298	0	15.298
Verðbætur	6.040	0	6.040	7.883	0	7.883
Veltufé frá rekstri	26.246	50.499	76.745	34.155	50.501	84.656
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:						
Skammtímaskuldir, hækkun	0	2.909	2.909	0	2.909	2.909
Samtals	0	2.909	2.909	0	2.909	2.909
Handbært fé frá rekstri	26.246	53.408	79.654	34.155	53.410	87.565
Fjárfestingarhreyfingar						
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(27.200)	(25.895)	(53.095)	(27.200)	(25.895)	(53.095)
Langtímakröfur, breyting.....	303	0	303	303	0	303
Langtímakr. á eigin ft. breyting.....	3.207	0	3.207	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(23.690)	(25.895)	(49.585)	(26.897)	(25.895)	(52.792)
Fjármögnunarhreyfingar						
Viðskiptast. eigin ft., breyting.....	3.637	0	3.637	0	0	0
Afborganir langtímalána	(18.040)	0	(18.040)	(19.107)	0	(19.107)
Fjármögnunarhreyfingar	(14.403)	0	(14.403)	(19.107)	0	(19.107)
Hækkun á handb. fé.....	(11.847)	27.513	15.666	(11.849)	27.515	15.666
Handbært fé í ársbyrjun.....	114.062	0	114.062	114.062	0	114.062
Handbært fé í árslok.....	102.215	27.513	129.728	102.213	27.515	129.728